

G-saga

Einn daginn var vondi galdrakarlinn mjög glaður því hann hafði fengið hugmynd. Hann vissi alveg hvernig hann gæti hrekkst allt fólkið á Íslandi. Hann læddist af stað um nóttina og galdraði burt allt grænmetið í landinu. Næstu daga urðu allir slappir og þreyttir því að þeir fengu ekki vítamínin úr grænmetinu. Allra verst var það í heilsuleikskólanum, því að þar voru börnin von að borða svo mikið grænmeti. Öllum þótti grænmetishvarfið mjög furðulegt, því að enginn vissi hver hefði tekið það.

Ein stelpa í leikskólanum hét _____ . Hún var að velja þessu fyrir sér eitt kvöldið þegar hún var að fara að sofa og sagði þá upphátt við sjálfa sig: ”Ég vildi að ég vissi hver hefur stolið öllu grænmetinu. Þá gæti ég farið til hans og látið hann skila því aftur.”

Morguninn eftir vaknaði hún mjög snemma við að einhver var að pota í nefið á henni. Hún opnaði augun og varð furðu lostin þegar hún sá, að þetta var tuskudýrið hennar, hann Grislingur. Hún varð enn meira hissa þegar hún heyrði, að Grislingur var að tala við hana: ” _____ ! _____ ! Meintirðu það þegar þú sagðir að ef þú vissir hver hefði tekið grænmetið þá myndirðu láta hann skila því?”

”Já, auðvitað meinti ég það,” svaraði _____ .

”Þá skulum við leggja af stað!” sagði Grislingur. ”Ég veit nefnilega hver tók grænmetið! Það var vondi galdrakarlinn! Við

skulum fara að kastalanum hans!”

_____ flýtti sér í fötin og svo hélt hún af stað með Grisling undir handleggnum.

Þegar þau voru búin að ganga lengi, lengi, og voru komin inn í dimman skóg, heyrðu þau skrýtin hróp og köll skammt frá veginum. Þau gengu á hljóðið og sáu svolítið myndna sjón! Gömul galdranorn stóð með nefið fast í tré og reyndi að kalla á hjálp: ”Gnjálp, Gnjálp, gnlosið gnefið gmitt!” hrópaði hún sífellt.

_____ greip grein sem hún notaði til að stækka holuna í trénu, sem nefið var í, svo að loksins tókst gömlu norninni að losa sig.

”Þakka þér kærlega fyrir, elsku barn!” sagði hún. ”Ég er bara gömul, fátæk galdranorn og á ekki mikið til að launa þér. En hér færðu samt töfrapoka sem þú getur tekið upp úr hvað sem þú þarft á að halda. Vonandi verður hann þér að gagni!”

_____ þakkaði fyrir sig og þau Grislingur héldu för sinni áfram. Innan skamms voru þau komin að kastala galdrakarlsins. _____ bankaði á kastaladyrnar, og galdrakarlinn kom út. ”Hvað vilt þú, litla stelpa?” spurði hann dónalega ”Sérðu ekki að ég er upptekinn?”

_____ lét nú ekki slá sig út af laginu heldur sagði strax: ”Þú verður að skila grænmetinu okkar, galdrakarl. Við fáum ekki nóg af vítamínum þegar við höfum ekkert grænmeti að borða”.

”Ha, ha,” sagði galdrakarlinn. ”Eins og mér sé

ekki sama! En ég skal samt skila því ef þér tekst að leysa fyrir mig þraut. Hún er mjög erfið. Ég er viss um að lítil stelpa eins og þú getur ekki leyst hana.”

”Allt í lagi, hvaða þraut er þetta?” spurði _____ svolítið smeyk.

”Af því að grænmeti byrjar á G verður þú að láta mig fá tíu hluti sem byrja á G. Og ég vil fá þá strax! Ha, ha, ha!”

_____ brosti, því hún mundi eftir pokanum sem gamla galdranornin hafði gefið henni. Hún stakk hendinni niður í hann og tók upp úr honum fyrsta hlutinn....

(Barnið tekur einn hlut í einu upp úr pokanum,

segir hvað hann heitir, og leggur á borðið. Galdrakarlinn verður sífellt reiðar).

Galdrakarlinn vildi ekki sætta sig alveg strax við þessa niðurstöðu. “Allt í lagi,” sagði hann, “þú skalt fá grænmetið. En þá verðurðu líka að segja mér hvað grænmetistegundirnar heita!”

(Barnið bendir á grænmetisspjöldin tíu eitt af öðru í þeirri röð sem það sjálf vill, og segir um leið heiti grænmetistegundanna).

“Aargh!” æpti galdrakarlinn. “Græn-myglóttir gráðostar frá Grindavík! Hvernig fórstu að þessu, stelpa?! Hérna er þá grænmetið og komdu aldrei aftur!” Svo strunsaði hann inn í kastalann og skellti á eftir sér hurðinni.